

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukattsskýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við 347. mál á yfirstandandi löggjafarþingi þar sem lagt er til að félögum verði veitt heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Vegna þeirra breytinga sem efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að gerðar verði á því máli er nauðsynlegt að breyta einnig á lögum um virðisaukaskatt og lögum um tryggingagjald til að taka af allan vafa um að virðisaukattsskýrslur og launaframtöl félaga sem nýta sér heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skuli engu síður byggjast á upprunalegum fjárhæðum þeirra í íslenskum krónum. Launaframtal félaga má þó einnig byggjast á umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.